

elsanna að flytja þá úr Hegningarhúsinu til vistunar í vinnuhæli. Sama gildir um þá sem afplána vararefsingu vegna fjársektar.

Sé ekki rými fyrir hendi í Hegningarhúsinu fyrir þá sem fullnustuaðilar óska eftir að séu þar teknir til vistunar, skal yfirmaður fangelsisins gera ráðstafanir til þess að flytja fanga í önnur fangahús eftir því sem unnt kann að vera, en ella skrá slíka fanga á biðlista.

Sé þörf á nýtingu vistrýmis í Hegningarhúsinu til vistunar gæslufanga skal yfirmaður fangelsisins gera ráðstafanir til þess að flytja brott úr fangelsinu þá fanga sem þar eru til afplánunar vararefsingar eða varðhaldsrefsingar.

Fanga sem afplána refsingu í vinnuhælum en dvelja þurfa um stundarsakir í Reykjavík skal að jafnaði vista í Hegningarhúsinu meðan á dvöl þeirra í Reykjavík stendur.

5. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 13. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli nr. 38/1973 öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. ágúst 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

Nr. 317.

11. ágúst 1977.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Víkur í Mýrdal.

Samkvæmt skipulagsmálum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 11. ágúst 1977 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Víkur í Mýrdal.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Hvamshrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er skipulagsuppdráttur af Vík í Mýrdal, sem staðfestur var af félagsmálaráðuneytinu 24. apríl 1970, nr. 77/1970, úr gildi fellur.

Félagsmálaráðuneytið, 11. ágúst 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Ni. 318.

25. ágúst 1977.

SAMÞYKKT

**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík
nr. 2 7. janúar 1930.**

1. gr.

3. og 4. málsg. 46. gr., sbr. breytingar nr. 95 14. júlí 1958, nr. 258 24. nóvember 1969, nr. 79 29. apríl 1974 og nr. 468 22. október 1975, orðist svo:

Almennur hámarkshraði í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur skal vera 50 km á klukkustund.

Á eftirtöldum vegum skal hámarkshraði þó vera 60 km á klukkustund:

- a) Miklubraut austan Kringlumýrarbrautar.
- b) Kringlumýrarbraut.
- c) Vesturlandsvegi vestan Höfðabakka.
- d) Höfðabakka sunnan Vesturlandsvegar.
- e) Bæjarhálsi vestan Tunguháls.
- f) Gufunesvegi.
- g) Reykjanesbraut.
- h) Breiðholtsbraut.
- i) Elliðavogi sunnan Holtavegar.
- j) Eiðsgranda.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. ágúst 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

S A M Þ Y K K T

um sorphreinsun á Bíldudal.

1. gr.

Suðurfjarðahreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kaupsins. Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjóra og með umsjón heilbrigðisnefndar kaupsins.

2. gr.

Daglegt sopp frá íbúðarhúsum, veitingahúsum, verslunum o. s. frv. innan kaupsins skal sett í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir. Pokunum skal komið fyrir í sérstakri grind, sem smíðuð er fyrir pokana. Skal grindin vera fristandandi, komið fyrir í sorptunnu, eða sérsmíðuðum skáp. Grindinni skal komið svo fyrir, að sorppokinn hangi 2—5 cm yfir jörðu, gólfi eða tunnubotni. Lok skal vera yfir grindinni. Húseigendur skulu bera allan kostnað við uppsetningu og viðhald pokagrinda. Fyllsta hreinlætis skal gætt í umhverfi sorppoka. Sorphreinsun skal framkvæmd minnst 40 sinnum á ári, eftir aðstæðum og skal fjöldi sorpgrinda miðaður við að pokarnir yfiryllist ekki milli tveggja tæminga. Við hvert hús skal vera a. m. k. ein grind fyrir hvert heimili, ásamt aukagrindum eftir því sem nauðsyn er. Hugsanleg vafaatriði varðandi fjölda grinda (sorpoka) úrskurðar heilbrigðisnefnd. Við stórhátiðar eða ef útlit er fyrir stöðvun á sorphreinsun, af einhverjum ástæðum, geta húseigendur fengið aukapoka í sorpgrindur, eftir því sem nauðsyn krefur, í áhaldahúsi hreppsins.